



# Skógrækt ríkisins Suðurlandsdeild



## Ársskýrsla 2005


Samantekt  
Hreinn Óskarsson  
Skógarvörður

# Haukadalur í Biskupstungum.



## Aðaltegundir

- AV
- AÖ
- BF
- BG
- Birki
- DG
- EL
- FÞI
- FÞÖ
- HÞI
- KiG
- Lerki
- ML
- RG
- RL
- SF
- SG
- SL
- SkF
- SxHG
- VB



Kortlagt af Morten Thrane Leth,  
Anders Jensen og Hreini Óskarssyni.



Á síðustu árum hefur orðið vinsælla að koma í skóg og fella sín eigin jólatré. Tilheyrandi er að bjóða gestum upp á ketilkaffi. Myndin var tekin á slíkum degi í Haukdal í desember 2005.

Ljós. Hreinn Óskarsson

© Skógrækt ríkisins 2006

© Hreinn Óskarsson

Útgefandi: Skógrækt ríkisins

Höfundar efnis: Hreinn Óskarsson, Hrafn Óskarsson,  
Theodór A. Guðmundsson og Jóhannes H. Sigurðsson.

Myndir: Hrafn Óskarsson og Hreinn Óskarsson

Mynd á forsíðu: Reyniviður hlaðinn berjum í Fljótshlíð – Hrafn Óskarsson

Öll réttindi áskilin.

Efni skýrslunnar má afrita með ljósmyndun,  
hljóðritun og á annan sambærilegan hátt, að hluta eða  
í heild, með skriflegu leyfi höfundar og útgefanda.



## SAMANTEKT

Árið 2005 unnu fimm fastráðnir starfsmenn hjá Suðurlandsdeild og alls voru unnin um 8,3 ársverk þegar lausráðnir eru taldir með. Ellefu erlendir starfsmenn frá ýmsum skógræktarskólum unnu hjá deildinni í samtals 27 mánuði, auk fjögurra sjálfboðaliða frá BTCV sem unnu að stígagerð o.fl. í Þórsmörk og Goðalandi í um mánaðartíma. Nokkur verkefni voru unnin af verktökum t.d. umsjón hjólhýsa- og tjaldsvæða í Þjórsárdal, viðhald girðinga og jarðvinnsla.

Tíðarfar var heldur kaldara en árin á undan, en samt í góðu meðallagi. Annað árið í röð var stuttur frostakafli í maí en olli þó ekki nema smávægilegum skemmdum. Lítið var um birkiþræ þetta árið, en þó náðist að safna nokkru magni í Bolholti á Rangárvöllum. Töluvert var um stafafuruköngla en sumsstaðar var lítið af fræi í þeim.

Alls var sáð til 376 þús. trjáplanta og 43 þús. græðlingum af ösp og víði var stungið í bakka. Í ár voru afhent 150 þús trjáplöntur frá Tumastöðum og 45 þús græðlingar af ösp og víði. Flestar plönturnar fóru til Skógræktar ríkisins, rannsóknaverkefna og vegna ræktunarsamnings.

Alls voru gróðursettar 70 þús trjáplöntur hjá deildinni. birki (29 þús), rauðgreni (26 þús), sitkagreni (9560) og reyniviður (4330). Mest var gróðursett í Þjórsárdal. Auk þess var gróðursett í langtímatilraun í Gunnarsholti, í Haukadalsdal og á Tumastöðum.

Mesta grisjun ársins fór fram í Asparskóginum í Gunnarsholti. Þar voru grisjaðir tæpir 7 ha af þéttum skógi. Töluvert var ennfremur grisjað í skógum Þjórsárdals og Haukadals, sem og beltum voru grisjuð í gróðrarstöðinni á Tumastöðum og haldið var áfram grisjun á Þingvöllum. Sagað var frá jólatrjáum í Þjórsárdal og Haukadalsdal og áburður borinn á.

Helstu tilraunaverkefni sem unnið var að voru; Langtímatilraun í Gunnarsholti, birki í Þjórsárdal, ræktun á ryðþolnum asparklónum, afkvæmatilraunir með úrvalsbirki, ilmreynir í skógrækt og garðrækt og kvæmatilraun með rauðgreni. Lokið var við kortlagningu í Múlakoti, Tumastöðum, Tungu og Kollabæ og gagnagrunnur samræmdur á öllum stöðum.

Kurfsala var um 106 m<sup>3</sup> á árinu, eldiviðarsala var 10,5 tonn, um 200 spírur og uppistöður í fiskihjalla voru seldar. Tæp 1200 kg af furugreinum og 1603 jólatré, þ.a. 66 torgtré, voru höggvín og seld. Á Tumastöðum var alls safnað og hreinsað rúmlega 14,6 kíló af sunnlensku trjáfræi af nokkrum tegundum. Auk þess var hreinsað fræ fyrir Vesturlandsskóga af lindifuru og fleiri tegundum.

Umsjóna og eignalönd deildarinnar eru fjölsótt, en því miður liggja ekki nákvæmar tölur fyrir um fjölda gesta á svæðunum. Áætlað er að gistinætur á svæðum deildarinnar hafi verið rúmlega 50 þúsund og væntanlega hafa skógargestir verið töluvert fleiri enda er ekki gistiaðstaða nema í hluta skóganna.

Stígar voru gerðir og lagaðir á svæðum deildarinnar. Lítið var unnið að viðhaldi á fasteignum, fyrir utan málun og þess háttar. Sturtusalerni var sett upp á hjólhýsasvæði í Þjórsárdal.

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b>	<b>bls. 6</b>
<b>Mannahald</b>	<b>bls. 7</b>
Heilsármenn	bls. 7
Sumarfólk, lausráðnir og verktakar	bls. 7
Erlendir starfsnemar	bls. 7
Sjálfbóðaliðahópar	bls. 8
Margar hendur vinna létt verk	bls. 8
<b>Umhverfispættir</b>	<b>bls. 9</b>
Veðurfar ársins	bls. 9
Vöxtur og þrif trjágróðurs	bls. 9
<b>Ræktun trjáplantna og græðlinga</b>	<b>bls. 10</b>
Sáning	bls. 10
Stunga græðlinga	bls. 10
Afhending skógarplantna	bls. 10
Afhending græðlinga	bls. 11
<b>Gróðursetning</b>	<b>bls. 12</b>
Undirbúningur gróðursetningar	bls. 12
Tumastaðir	bls. 12
Þjórsárdalur	bls. 12
Þórsmörk og Goðaland	bls. 12
Skarfanés	bls. 12
Haukadalur	bls. 12
<b>Hirðing og grisjun</b>	<b>bls. 13</b>
Asparskógurinn í Gunnarsholti	bls. 13
Tumastaðir	bls. 13
Þjórsárdalur	bls. 13
Þingvellir	bls. 13
Haukadalur	bls. 13
<b>Tilraunir og þróunarverkefni</b>	<b>bls. 14</b>
Birki - Þjórsárdal	bls. 14
Afkvæmatilraunir á úrvalsbirki	bls. 14
LT-tilraun í Gunnarsholti	bls. 14
Ræktun á ryðþolnum asparklónum	bls. 14
Ílmreynir í skógrækt og garðrækt	bls. 14
Kvæmatilraun með rauðgreni	bls. 14
Kortlagning skóglenda og starfsáætlanir	bls. 15
Prófanir á erlendum efniviði	bls. 15
<b>Skógarafurðir</b>	<b>bls. 16</b>
Kurl og arinviður	bls. 16
Borðviður og hjallaefni	bls. 16
Jólatré og greinar	bls. 16
Trjáfræ	bls. 17

<b>Girðingar og vegir</b>	<b>bls. 18</b>
Viðhald girðinga	bls. 18
Endurnýjun girðinga	bls. 18
Viðhald vega	bls. 18
<b>Útivistarsvæði</b>	<b>bls. 19</b>
Tumastaðir	bls. 19
Trjagarðurinn í Múlakoti	bls. 19
Haukadalur	bls. 19
Þjórsárdalur	bls. 19
Þórsmörk og Goðaland	bls. 19
Kirkjubæjarklaustur	bls. 20
<b>Fasteignir</b>	<b>bls. 21</b>
Sala og kaup	bls. 21
Nýsmíði	bls. 21
Viðhald	bls. 21
Útleiga	bls. 21
<b>Rekstur ársins</b>	<b>bls. 22</b>
<b>Rekstrarkostnaður</b>	<b>bls. 22</b>
<i>Launakostnaður</i>	<i>bls. 22</i>
<i>Annar rekstrarkostnaður</i>	<i>bls. 22</i>
<b>Sértekjur</b>	<b>bls. 23</b>
<i>Tekjur almennar</i>	<i>bls. 23</i>
<i>Vörusala</i>	<i>bls. 23</i>
<b>Ýmislegt annað</b>	<b>bls. 24</b>
Skólaþróunarverkefni	bls. 24
Veggskífur – viðarnýting	bls. 24
Heimsóknir hópa	bls. 24
Fundir, ferðir og námskeið	bls. 24
Fyrirlestrar	bls. 25
Greinaskrif og veggspjöld	bls. 25
Nemendaverkefni	bls. 26
Hekluskógar	bls. 26
<b>Viðauki</b>	<b>bls. 28</b>
Gróðursetning 2005	bls. 29
Tölulegar upplýsingar um skóglendi og ársverk	
Suðurlandsdeildar Skógræktar ríkisins	bls. 30

## Inngangur

Í skýrslu ársins 2005 verður gerð grein fyrir helstu verkefnum Suðurlandsdeildar S.r. sem unnin hafa verið árið 2005. Er skýrslan hefðbundin að gerð.

Framlög til þjóðskógadeildanna voru jöfn annað árið í röð. Halli ársins 2004 fylgdi þó deildinni milli ára en á móti kom að Suðurlandsdeildin fékk 4,6 milljónir úr verkefnapotti ársins. Verkefnapottsaurarnir voru þó eyrnamerkir í sérstök verkefni og runnu ekki til daglegs rekstrar deildarinnar. Heildarframlag ársins var því 21 milljón kr. Rekstur deildarinnar gekk því miður ekki vel fjárhagslega enda var kostnaður meiri og tekjur minni en búist hafði verið við. Rekstrarhalli í lok árs var orðinn 7 milljónir.

Niðurskurður og fækkun mannafla hefur því miður þau áhrif að tekjumöguleikar minnka. Fækkun mannskaps og tækjaskortur olli því t.d. að ekki reyndist unnt að afgreiða stóra pöntun af spíruefni sem barst vorið 2005. Hefur skógarvörður beitt sér fyrir meiri framlögum til deildarinnar, en því miður hefur ekki verið hægt að verða við þeirri bón nema að hluta til og þá úr verkefnapottinum. Til að leysa verkefni deildarinnar hafa verið ráðnir skógræktarnemar í starfsnámi. Auk þess að vinna að sérverkefnum oft í samráði við Rannsóknastöðina á Mógilsá, kynnast nemarnir hefðbundinni skógarvinnu. Er það oft í fyrsta sinn sem þeir stunda slíka vinnu. Nýtist vinnan hér á landi þeim í náminu og hjálpar mjög upp á rekstur deildarinnar. Alls skiluðu starfsnemar 2,25 ársverkum á árinu.

Samkvæmt niðurstöðum úr kortlagningu ráðunauta S.r. sem sjá um kortlagningu hjá öðrum skógarvarðaumdæmum en Suðurlandsdeild, er samanlagt flatarmál Norður-, Vestur- og Austurlandsdeilda um 1700-1800 ha af gróðursettum skógi. Suðurlandsdeild ein og sér hefur aftur á móti um 2000 ha gróðursettra reita í umsjón sinni. Auk þessa sér deildin um víðfema birkiskóga. Sé gert fyrir ákveðinni upphæð á hvern ha skóga í umsjón deildanna má færa góð rök fyrir því að auka mætti framlag til Suðurlandsdeildarinnar mikið.

Skógarvörður vill sérstaklega þakka starfsfólki deildarinnar vel unnin störf á árinu 2005. Einnig öðru samstarfsfólki innan og utan Skógræktar ríkisins fyrir farsælt samstarf. Sjálfboðaliðasamtökunum og starfsnemum er þökkuð störf sem unnin voru í sjálfboðavinnu. Einnig ber að þakka ágætt samstarf við sveitastjórnir og aðrar stofnanir á árinu sér í lagi Suðurlandsskóga, Skógræktarfélag Árnesinga, Landsvirkjun og Landgræðsluna.

Flestar myndirnar í skýrslunni eru teknar af Hrafn Óskarssyni, auk þess að aðrir starfsmenn og skógarvörður tóku nokkrar myndir.

12. september 2006  
Virðingarfyllst,

*Hreinn Óskarsson*

---

Hreinn Óskarsson  
skógarvörður

## Mannahald

Sævar Hreiðarsson fékk tæplega hálfárs frí hjá deildinni og kom Jón Þór Birgisson í hans stað. Alls voru launuð ársverk um 8,3 hjá deildinni árið 2005. Þar af voru fimm heilsármenn. Skógræktarnemar í starfsnámi skiluðu um 2,25 ársverkum en þeir unnu aðallega í Haukadál og Þjórsárdal. Alls eru ársverk því um 10,5.

### Heilsármenn

Heilsármenn hjá Suðurlandsdeild voru Hrafn Óskarsson (Tumastöðum), Hreinn Óskarsson (Selfossi), Jóhannes H. Sigurðsson (Þjórsárdal), Theodór A. Guðmundsson (Tumastöðum). Sævar Hreiðarsson (Haukadál) flutti til Frakklands í rúmt hálf tveggja ár og leysti Jón Þór Birgisson (4,1 mán) hann af yfir sumarmánuðina.

### Sumarfólk, lausráðnir og verktakar

Lausráðin á Tumastöðum voru Ásmundur Eiríksson (5,7 mán), Emil Harðarson (2,7 mán), Ingólfur E. Kristjánsson (2,1 mán), Jón Bragi Guðjónsson (4,8 mán), Signý Rós Jónsdóttir (2,6 mán), Sigríður Böðvarsdóttir (5,9 mán) og Sigríður Anna Haraldsdóttir (2,0 mán). Auk þess unnu Egill, Freyja, Knútur og Linda Björk á Tumastöðum í styttri tíma. Árni Guðmundsson í Múlakoti sá um trjásafnið í Múlakoti og vann við það í um 0,8 mannmánuði. Alls unnu lausráðnir og fastráðnir starfsmenn um 50,5 mannmánuði eða tæp 4,2 ársverk.

Í Haukadál og Þjórsárdal voru nokkrir starfsmenn við störf á árinu: Egill Baldursson (2,4 mán), Freyja Baldursdóttir (2,5 mán), Knútur Sveinsson (2,7 mán), Linda Björk Óðinsdóttir (1,8 mán), Páll Sigurðsson (1 mán), Alls unnu laus og fastráðnir starfsmenn í 35 mannmánuði eða 2,9 ársverk á svæðunum.

Ýmir Sigurðarson verkfræðingur vann í 2,2 mán. kortlagningu á Tumastöðum, auk lagfæringa á gagnaskráningu.

Verktakar sáu um viðhald girðinga á Kirkjubæjarklaustri, rekstur tjald- og hjólhýsasvæða í Þjórsárdal, auk aksturs og ýmissa viðvika. Var reynsla almennt góð af þessu fyrirkomulagi. Á Kirkjubæjarklaustri vann Einar Bjarnason við umhirðu og stígagerð í um tveggja vikna skeið á árinu.

### Erlendir starfsmenn

Í ár unnu 11 starfsmenn hjá deildinni við ýmis verkefni. Þau voru: Mikkel Bojesen og Peter Linneman (KVL, Danmörku), Vincent Upton og Ellen O'Brien (Háskólanum Dublin Írlandi/ University College Dublin),



Tor, Marietta, Jón Þór og Simon fylla kurl í smásekki á Tumastöðum. Ljósmynd: Hreinn Óskars.



Marietta Funke (nemi í landslagsarkitektúr frá Nürtingen University of Applied Science, Þýskalandi), Agata Wencel (Agricultural University of Poznan, Póllandi), Simon Kortnum Fabricius, Tor Dalsgaard Krag og Max Emil Sørensen (Skovskolen Nödebo Danmörku), Hélène Perier (ENGREF, French forestry and environment school of engineering, Nancy, Frakklandi) og Annemieke Winterink (Wageningen University, Hollandi), Samtals störfuðu þessir nemar í 27 mánuði eða 2,25 ársverk hjá deildinni sem er mikil aukning frá síðasta ári. Auk þess að vinna hjá deildinni við ýmis verkefni, aðstoðuðu nokkrir nemanna við skógræktarúttekt Arnórs Snorrasonar og Bjarka Þ. Kjartanssonar á Mógilsá í nokkrar vikur. Komu flestir nemanna á vegum IFSA samtakanna.



Í Þórsmörk unnu hópar sjálfbóðaliða að viðgerðum á göngustígum m.a. í Valahnúki.  
Ljós. Hreinn Óskarsson

## Sjálfbóðaliðahópar

---

Í sumar unnu sjálfbóðaliðar að endurbótum á göngustígum í Þórsmörk og Goðalandi. Var um að ræða fjögurra manna hópa á vegum BTCV sjálfbóðaliðasamtakanna sem unnu undir stjórn Chas Goemans frá Umhverfisstofnun. Löguðu hóparnir stíga í hlíðum Valahnúks og í Básahringnum. Var þetta unnið í samvinnu við Ferðafélag Íslands í Langadal og Ferðafélagið Útivist í Básum. Vill Skógræktin þakka þessum aðilum aðstoðina.

## Margar hendur vinna létt verk


---

Hópar frá Landsvirkjun aðstoðuðu deildina við nokkur verkefni þetta árið. Var þar um að ræða aðstoð við að bæla illgresi í Spámannsstaðastykki LT-verkefnisins í Gunnarsholti. Auk þess aðstoðaði hópur frá Landsvirkjun við gróðursetningu birkis á söndum Þjórsárdals.

# Umhverfisþættir

## Veðurfar ársins

Tíðarfar var í meðallagi gott árið 2005. Hitastig var örlítið yfir meðallagi en lakara en árin þrjú á undan. Janúar var umhleyplingasamur með nokkrum snjó. Febrúar og Mars voru hlýjir og snjóléttir. Apríl var hlýr mestan hluta mánaðarins og lífnaði gróður víða, en maí var þurr og nokkuð um næturfrost sem skemmdi smáplöntur. Júní var hlýr og sólríkur og votviðrasamt fyrripart júlí. Hitabylgju gerði upp úr miðjum júlí sem varði í um 10 daga og komst hiti vel yfir 20°C. Ágúst var í meðallagi hlýr, en september var fremur kaldur og frysti snemma. Snjóaði til dæmis í Þórsmörk 22. september svo jörð varð alhvít. Október og nóvember voru nokkuð umhleyplingasamir en þó án mikilla snjóa. Desember var fremur hlýr.



Marþöll Ljós. Hrafn Óskarsson

## Vöxtur og þrif trjágróðurs



Ertuygla á beit á birkitré á Þjórsárdals-söndum.

Ljós. Hreinn Óskarsson

Vöxtur flestra tegunda var ágætur þetta árið. Ekki komst hann þó í líkingu við sprettu ársins 2004. Sæmilega mikið var af stafafurukönglum, en ákaflega lítið af fræi á öðrum tegundum. Er líklegt að frost og þurrkar maímánaðar hafi haft slæm áhrif á fræmyndun. Eini staðurinn sem birkifræ fannst í einhverju magni var í Bolholti á Rangárvöllum.

Sitkalús var lítið áberandi á árinu, og almennt má segja lítið hafi verið um óværu í trjágróðri sunnan heiða. Þegar líða tók á haust var þó greniryð áberandi í rauðgreni sem minnkaði jólatrjáatekju sér í lagi í Haukadal.

Ertuygla var áberandi í lúpínubreiðum síðsumars eins og síðustu ár og át hún nokkuð af trjágróðri víða um Suðurland. Ertuygla lifir m.a. á lúpínu en ræðst á annan gróður þegar lúpínan er uppétin.

## Ræktun trjáplantna og græðlinga

Sáning í gróðrastöðinni á Tumastöðum jókst milli ára. Þar munaði lang mest um birkisáningar fyrir Heklusköga.

### Sáning

Sáð var í 8.608 bakka, fræi 29 tegunda eða kvæma tegunda. Alls var sáð til 376 þúsund plantna. Var vélsáð í stóra gróðurhúsið af Sigurði Ásgeirssyni, en handsáð í Flúðahúsin aðallega birki. Langmest var sáð af birki eða í um 210 þúsund hólf. Sáð var í um 60 þús hólf af sitkagreni, 43 þús af stafafuru og 43 þús af rauðgreni. Sáð var í tæplega 9 þúsund hólf af reyniviði, en minna af öðrum tegundum.



Sáning í fullum gangi á Tumastöðum.

Ljós. Hreinn Óskarsson

### Stunga græðlinga

Stungið var græðlingum í alls 43 þúsund hólf. Mest var stungið af alaskaösp í um 15500 hólf, hreggstaðaviði í 7500 hólf og alaskaviði í 5670 hólf.

### Afhending skógarplantna

Í ár voru afhentar um 53 þús. skógarplöntur til gróðursetningar í lönd Skógræktar ríkisins. Afhending til annarra verkefna aðallega tilraunaverkefna nam um 64 þús. Blómaval hf ræktaði plöntur á Tumastöðum skv. samningi og fengu afhent rúmlega 11 þúsund pottaplöntur og tæpar 20 þúsund bakkaplöntur. Alls voru afhentar um 150 þús. plöntur úr gróðrastöðinni á Tumastöðum árið 2005.



Stóra gróðurhúsið á Tumastöðum.

Ljós. Hrafn Óskarsson





Flúðahúsin á Tumastöðum. Í þau er yfirleitt sáð birki.

Ljós. Hrafn Óskarsson

## Afhending græðlinga

---

Afgreiddar voru pantanir á græðlingum, bæði á óklipptu efni sem ræktendur klipptu sjálfir niður til ræktunar í bökkum og eins niðrklipptum (18-20 cm) græðlingum. Alls voru seldir um 18 þúsund 18-20 cm græðlingar og 27 þús bakkagræðlingar, af ýmsum klónum af alaskaviði, jörfaviði, viðju og alaskaösp.



Lerkiblandingur (Sífja x rússalerki) Prastar Eysteinssonar í Múlakoti.

Ljós. Hrafn Óskarsson

## Gróðursetning

Alls voru gróðursettar um 70 þús. trjáplöntur hjá deildinni. Helstu trjategundir voru birki (29 þús), rauðgreni (26 þús), sitkagreni (9560) og reyniviður (4330). Mest var gróðursett í Þjórsárdal. Auk þess var gróðursett í langtímatilraun í Gunnarsholti, í Haukadal og á Tumastöðum. Í viðauka má sjá nánari upplýsingar um gróðursetningu.

### Undirbúningur gróðursetningar

Sáð var í 80 ha svæði á Þjórsárdalssöndum sunnan við gamla veginn að Hjalparfossi. Var þetta gert af sáningarmönnum Landgræðslunnar. Sáðblandan samanstóð af rýgresi og lúpínu. Borið var á sáningar frá 2002-4.

Tún norðan við gróðrastöðina á Tumastöðum í Tungulandi á s.k. Vesturríma, var plægt og í það sett reyniviðartilraun. Í Haukadal voru þrjú túnbleðlar næst aðkomuvegi að skóginum plægðir þ.e. reitir R-600 til R-603. Í Þjórsárdal var plægt fyrir rauðgreni milli lerkirása í Seljatungum í reitum 2258, 2270 og 2268.

### Tumastaðir

Gróðursett var til tveggja tilrauna. Þróstur Eysteinnsson gróðursetti birkikvæmatilraun og starfsnemar gróðursettu þéttleikatilraun með reyniviði og birki. Auk þess voru gróðursettar stálpaðar pottaplöntur af álmi í Tungugili.

### Þjórsárdalur

Alls voru gróðursettar rúmar 41 þús. plöntur þetta árið í Þjórsárdal. Mest var gróðursett af birki (27 þús.) á sanda Þjórsárdals og var það að miklum hluta gert með vél í svæðið sunnan Þjóðveggar vestan Fossárbrúar. Rúm 12700 rauðgreni voru gróðursett í jólatrjáareiti.

### Þórsmörk og Goðaland

Ekkert var gróðursett á vegum Skógræktar ríkisins þetta árið, en 4x4 klúbburinn gróðursetti um 1000 Þórsmörkurbirki sem ræktað var á Tumastöðum á Merkurrananum. Var þetta gert í samvinnu við Landgræðslu ríkisins.

### Skarfanés

Tveir aðilar leigja landspildur til skógræktar í landi S.r. í Skarfanesi. Þetta árið gróðursetti annar þeirra, Jón Grettisson, 2000 plöntur, rússalerki, sitkagreni og birki.

### Haukadalur

Í Haukadal voru gróðursettar um 13.700 plöntur þetta árið mestmegnis rauðgreni í jólatrjáareiti í Laugartúnum.



## Hirðing og grisjun

Unnið var að hirðingu reita í Þjórsárdal, Haukadal, á Þingvöllum og Tumastöðum. Aðeins er gerð grein fyrir stærstu verkefnum.

### Asparskógurinn í Gunnarsholti

Í asparskóginum í Gunnarsholti var haldið áfram með grisjun. Árið 2004 hófst grisjun á NA-verðum helmingi reitsins og var þeim áfanga lokið að fullu vorið 2005, alls um 7 ha. Starfsmennirnir Colm Brophy og Tony Quinn unnu við grisjun fyrra árið, en Jóhannes, Sævar, Páll Sigurðsson og Guðmundur Arason seinna árið. Alls voru 8 af hverjum 10 trjám felld í grisjuninni en í upphafi voru gróðursett 10.000 tré/ha. Því má áætla að í fyrri áfanga grisjunarinnar hafi verið felld um  $7 \times 8.000 = 56.000$  tré.

### Tumastaðir

Á Tumastöðum voru birkiskjólbelti vestan Flúðahúsa og vestan trjásafns grisjuð. Hafinn var undirbúningur fyrir ný safnbeð vestast í gróðrastöðinni. Þar voru skjólbelti fjarlægð og kurluð. Voru afurðirnar seldar í stórverslanir.

### Þjórsárdalur

Haldið var áfram grisjun í Selhöfðum (3329) og Illagili (1210). Í Illagili var grisjað með tilliti til torgtrjáa. Var efnið bæði nýtt í spírur, stoðir og kurl. Kjarrsagað var í Stórhólshlíð (2036B), í Leiti (2074B) og í Seltorfu (2060). Í Gvendarrana ofan starfsmannahúss (2204) var birkiskermur grisjaður ofan af ýmsum jólatrjáategundum og notaður í arinvið.

### Þingvellir

Reiturinn sunnan við Þingvallabæinn var grisjaður kröftuglega þetta árið, auk áframhaldandi grisjunar í brekkunni norðan Valhallar. Var þessi grisjun unnin í samvinnu við Þingvallanefnd. Verktakar á vegum nefndarinnar tóku þátt í grisjuninni. Bolvið var ekið til Reykjavíkur þar sem Einar Sæmundsen sagaði hann í borðvið. Greinar voru kurlaðar og ekið í burtu, annar viður var kurlaður og seldur UMFÍ, auk kurls sem notað var í stíga á Þingvallasvæðinu.

### Haukadalur

Grisjað var í birki í Hákonarlundi og var efnið sem féll til selt sem arinviður. Grisjað var nyrst og syðst í Braathens-lundi (2081). Fleiri reitir voru grisjaðir að hluta t.d. 1021 og 1035. Í reitum 6021 og 6022 var sagað frá trogtrjám í jaðri við skurði.

## Tilraunir og þróunarverkefni

Helstu tilrauna- og þróunarverkefni sem unnið var að á árinu voru:

### Birki - Þjórsárdal

---

Birki var gróðursett í mismunandi sjö stig og gerðir uppgræðslu í Þjórsárdal. Landgerðir voru: Sáning 2005, 2004, 2003 og 2002, gömul lúpinusáning, gömul grassáning og ógróið land. Tilraunaliðir voru: 1) gróðursetning án jarðvinnslu, 2) Gróðursett í plægða rás, 3) Gróðursett í plægða rás með svepprótasmiti, 4) Gróðursett með C08 amerískri gróðursetningarvél. Allar plöntur fengu 15 g af NPK áburði. Á hverri landgerð voru gróðursettar 4 tilraunablokkir, með 40 plöntum af hverjum tilraunalið.

### Afkvæmatilraunir af úrvalsbirki

---

Gróðursettar voru tilraunaplöntur í syðsta stykkið í gróðrastöðinni á Tumastöðum. Um var að ræða birkiplöntur ræktaðar af fræi valinna birkitrjáa aðallega úr Þingeyjarsýslu.

### LT-tilraun í Gunnarsholti

---

Áfram var haldið íbótum í langtímatilraun í skógrækt skv. skipulagi Bjarna D. Sigurðssonar. Var sitkagreni gróðursett inn í Spámannsstaðastykkið svokallaða, en afföll höfðu orðið töluverð þar í sitkagreni. Unnu nokkrir starfsmennar við verkið ásamt Jóni Þóri Birgissyni.

### Ræktun á ryðþolnum asparklónum

---

Afhentar voru plöntur sem ræktaðar voru fyrir verkefnið „betri tré“ og voru þær gróðursettar á Höfuðborgarsvæðinu og í Belgsholti í Melasveit. Ræktunin er liður í rannsóknum á ryðsvepp á alaskaösp sem Halldór Sverrisson og Guðmundur Halldórsson stjórna.

### Ílmreynir í skógrækt og garðrækt

---

Gróðursett var til tveggja tilrauna af starfsfólki deildarinnar. Var þar annars vegar um að ræða þéttleikatilraun þar sem birki og reyniviði var blandað saman og var sú tilraun staðsett á heilunnum túnnum norðan Tumastaðastöðvarinnar. Hin tilraunin var samanburður á systkinahópum í tilraun sem staðsett er í Hellismýri við Selfoss. Einnig voru afhentar plöntur í sams konar tilraunir sem staðsettar voru á Svanshól í Bjarnarfirði (Skjólaskógar), Vöglum á Þelamörk og Höfða á Fljótsdalshéraði. Greiddi Suðurlandsdeild fyrir ræktun allra plantna nema þeirra sem Skjólaskógar gróðursettu.

### Kvæmatilraun með rauðgreni

---

Bætt var plöntum inn í rauðgrenikvæmatilraunirnar í Prestbakkakoti á Síðu, á Víðivöllum í Fljótsdal, í Þjórsárdal í Gnúpverjahreppi og í Haukadal í Biskupstungum. Starfsmennar sáu um gróðursetningu og úttekt á

tilraununum. Því miður urðu afföll mikil bæði á Prestbakka og á Víðivöllum. Afföllin urðu mest þar sem gróðursett var í heilunnið land. Þar sem grasgefið var sluppu plöntur við þurranæðing sem hefur líklega farið verst með plönturnar þennan fyrsta vetur.

## Kortlagning skóglenda og starfsáætlanir

Ýmir Sigurðarson hélt áfram vinnu við kortlagningu á Tumastöðum, auk þess að halda áfram skráningu gagna í kortagrunn. Einnig samræmdi Ýmir gagnagrunna kortlagðra skóglenda S.r. á Suðurlandi. Morten T. Leth vann MSc verkefni í gerð starfsáætlana fyrir Haukadalsskóg og notaði hann sumarið til að afla sér gagna. Agata Wencel vann að kortlagningu skóga og annars gróðurs á Þingvöllum og nýtti fjarkönnunartækni við þá vinnu. Hún skilaði skýrslu um verkefnið: Vegetation classification and birch cover changes in Þingvellir National Park , Iceland. Og nýtti vinnuna til MSc verkefnis.

## Prófanir á erlendum efniviði

Lítið var sáð af framandi efniviði þetta árið, en þó má nefna að sáð var til Amerískrar kastaníu (*Castanea dentata*) sem spiraði ágætlega. Þessi tegund er þó fremur illa aðlöguð íslensku verðurfari og þarf því að rækta hana inni fyrstu árin áður en hún verður prófuð utandyra.

Á Tumastöðum voru auk þessarar tegundar í ræktun ýmsar framandi tegundir s.s.: Nöturblæosp (Blæsparbróðir) *Populus tremula* x *populus tremuloides*, *Acer rutimere* (Fuji), *Quercus robur* þrjú kvæmi frá Þýskalandi, *Juglans regia* Þýskalandi, *Juglans cathayensis*, *Aesculus hippocastanum* Þýskalandi og Masurbjörk frá Finnlandi.



Amerísk kastanía (*Castanea dentata*) í pottum á Tumastöðum.

Ljósm. Hrafn Óskarsson.

## Skógarafurðir

Stór hluti af sértekjuöflun deildarinnar var sala skógarafurða eins og fyrri ár þ.e. sala á kurli, eldiviði, hjallaefni, trjáviði og jólatrjám.

### Kurl og arinviður

Um 106 m<sup>3</sup> af kurli seldust á árinu og er það heldur meira en árið 2004. Stór hluti kurlins fór til smásöluaðila pakkað í 0,05 m<sup>3</sup> sekki eins og síðustu ár þ.e. Byko, Blómavals og Garðheima. Arinviður seldist í meira magni en áður hjá deildinni og seldust um 10,5 tonn þetta árið, mest til Blómavals og pizzusala.

### Borðviður og hjallaefni

Lítill sala var á borðviði á árinu, enda lítið til. Nokkuð var flett á Mógilsá og var það notað í borðbekki sem Jóhannes verkstjóri í Þjórsárdal smíðaði. Seldar voru tæpar 200 spíurur í fiskihjalla en mun meira hefði selst af spíru efni hefði það verið til.

### Jólatré og greinar

Eins og áður var getið var rauðgreni í Haukadal illa farið af ryðsveppi (*Chrysomyxa*) þetta árið, og því var lítið höggvið af rauðgreni. Stafafura leit hins vegar vel út og var nokkuð höggvið af henni. Smáræði af blágreni var tekið eftir nokkur rýr ár, en lítið sem ekkert af fjallapini. Alls voru höggvin og seld um 1455 heimilistré sem telst ágætt miðað við jólatrjáatekju síðustu ára. Flest heimilistré voru höggvin í Haukadal og Þjórsárdal auk smáræðis af stafafuru á Mosfelli. 66 torgtré voru höggvin í Haukadal, Þjórsárdal og á Tumastöðum. Alls voru því felld rúmlega 1600 jólatré þetta árið. Tæp 1,2 tonn af stafafurugreinum voru seldar í Blómavali þetta árið sem tvöföldun milli ára. Vonandi verður áframhaldandi aukning á þeim markaði.

#### Samantekt á fjölda felldra og seldra jólatrjáa 2005

Heimilistré	Rauðgreni			Blágreni		Stafafura		Torgtré	
0.70-1.00m	0	0	3	3-4m	25			4-5m	9
1.01-1.25m	34	0	56	5-6m	9			6-7m	7
1.26-1.50m	78	23	230	7-8m	7			8-9m	4
1.51-1.75m	97	31	275	9-10m	1			10-11m	3
1.76-2.00m	90	10	227	11-12m	0			12-13m	1
2.01-2.50m	14	7	117						66
2.51-3.00m	34	0	3						
Tré seld úr skógi	52	10	60						
	399	81	971						
Veggtré		82	stk						
Greinar stafura		1160	kg						
Fjallapinir		4	stk						
<b>Jólatré alls</b>			<b>1.603</b>						

## Trjáfræ

Safnað var fræi af ýmsum tegundum trjáa eins og undanfarin ár, langmest á Tumastöðum og Múlakoti, en einnig í Þjórsárdal. Var ákaflega lítið um birkifræ á Suðurlandi en þó fannst nokkuð í Bolholti og var því safnað með aðstoð nemenda úr Fjölbrautaskóla Suðurlands og Menntaskólanum á Laugarvatni. Á Tumastöðum var í lok árs hreinsað fræ af ýmsum tegundum sjá hér að neðan. Nokkuð var selt af könglum til skreytinga fyrir jólin eins og undanfarin ár.

### *Fræ safnað og hreinsað á Tumastöðum haustið 2005*

Fræ nr.	Tegund	Kvæmi	Magn (g)	Spírun (sfg)
205001	Ilmbjörk	Bolholt	6450	278
205002	Ilmbjörk	Tumastaðir	1000	360
205003	Ilmbjörk	Þorsteinslundur	210	738
205004	Ilmbjörk	Þórsmörk	120	460
205007	Reyniviður	Múlakot (næst hliði)	300	
205008	Reyniviður	Múlakot	365	
205012	Stafafura	Þjórsárdalur	325	20%
205013	Stafafura	Þjórsárdalur	120	70%
		Þjórsárdalur ex		
205014	Stafafura	Taraldsoy	290	71%
205015	Stafafura	Þjórsárdalur	390	72%
205028	Stafafura	Kollabær	4030	69%
205005	Hæruölur	Tumastaðir	40	25
205011	Sitkaelri	Tumastaðir-Skag	20	850
205009	Sitkaelri	Tumastaðir-Law	280	1025
205010	Sitkaelri	Tumastaðir-verkstæði	605	780
205006	Koparreynir	Tumastaðir	80	



Hlynfræ á haustdegi. Ljós. Hrafn Óskarsson.



## Girðingar og vegir

### Viðhald girðinga

---

Viðhald girðinga var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Farið var með girðingum á eftirtöldum stöðum: Þjórsárdal, Tumastöðum (Tungu og Kollabæ), Mosfelli og Múlakoti. Landgræðsla ríkisins heldur girðingum við í Þórsmörk og í Skarfanesi. Á Kirkjubæjarklaustri sá Einar Bjarnason um viðhald girðingarinnar. Ristarhlið í Haukadal var flutt út að túnjaðri Laugartúnanna.

### Endurnýjun girðinga


---

Ástand girðinga var yfirleitt ágætt vorið 2005. Þó voru nokkrir kaflar hinna ýmsu girðinga lélegir og þarf að endurnýja þá á næstu árum. T.d. má nefna kafla á söndum vesta Reykholts í Þjórsárdal.

### Viðhald vega

---

Lagfæringar og viðbætur voru gerðar á bílaplönunum í Haukadal. Nauðsynlega þarf að laga vegi í og að Haukadalsskógi enda hefur umferð aukist mjög á síðustu árum og þola núverandi vegir álagið ekki lengur. Borið var í vegkafla á hjólhýsasvæði í Þjórsárdal.



Einn af fjölmörgum skógarstígum í Þjóðskógum Suðurlands.  
Ljósmynd: Hrafn Óskarsson

## Útivistarsvæði

### Tumastaðir

Áfram var grisjað úr trjábeltum milli reita á Tumastöðum. Bæði var það gert til grisjunar, en einnig til að fjarlægja fallin og brotin tré.

### Trjagarðurinn í Múlakoti

Árni Guðmundsson hafði umsjón með trjagarðinum í Múlakoti eins og undanfarin ár. Engar breytingar eða endurbætur voru gerðar á stígum eða mannvirkjum í garðinum. Arnór Snorrason og Bjarki Þór Kjartansson luku við uppmælingu á trjásafninu í Múlakoti á vordögum 2005. Með nýja búnaðinum voru einstök tré í trjásafninu staðsett, hæðar og þvermálmæld mjög nákvæmlega.



Garðyrkjuskólanemar í haustferð í Múlakoti  
Ljósmynd: Hrafn Óskarsson

### Haukadalur

Styrkur fékkst til framhalds á stígnum fyrir hreyfihamlaða, bæði frá Pokasjóði og Ferðamálaráði. Var rudd braut fyrir stíg frá eldri stíg, rétt neðan klósetthúss, og upp í Svartagil. Því miður fengust ekki verktakar til að bera í stígin þetta árið, en það tekst vonandi að ljúka verkinu á næsta ári. Gerður var göngustígur upp frá Svartagili ofan vegar upp í reit 1034 og þar niður að vegi aftur. Eftir á að bera kurl ofan í stíg þennan.

### Þjórsárdalur

Fjöldi gistinátta á tjaldsvæðinu í Þjórsárdal var í meðallagi eða um 5 þús. Jóhannes H. Sigurðsson leigði rekstur tjaldsvæðisins eins og síðustu ár og Þóra og Úlfhédinn í Haga sáu um rekstur hjólhýsasvæðisins. Gekk reksturinn vel eins og undanfarin ár. Áætlað er að fjöldi gistinátta á hjólhýsasvæðinu hafi verið á bilinu 10-15 þús. Alls er því fjöldi gistinátta í dalnum áætluð 18-23 þúsund. Göngustígurinn úr Lambahöfða til Selfita var færður frá Sandánni upp í skóg við Skothúsgil.

### Þórsmörk og Goðaland

Viðhaldi göngustíga var framhaldið. Var verkið unnið af sjálfbodaliðum og starfsfólki S.r. Voru endurbæturnar gerðar í góðri samvinnu við Ferðafélag

Íslands, Ferðafélagið Útivist og Kynnisferðir sem útveguðu gistingu, ferðir og eldunaraðstöðu. Fjöldi gistingu á umsjónasvæði S.r. á Þórsmörkumsvæðinu eru á bilinu 10-15 þús. Ferðafélag Íslands setti upp náttúrusetur í Þórsmörk með aðstoð S.r. Var gerður náttúrustígur þar sem hægt er að kynna sér framvindu skógarins og þær gróðurbóta- aðgerðir sem ýmsir aðilar hafa unnið að á síðustu árum. Var setrið opnað á fimmtugsafmæli Skagfjörðsskála.

## Kirkjubæjarklaustur

---

Einar Bjarnason sá um girðingar og viðahald stíga eins og undanfarin ár. Því miður komst það ekki í verk að koma upp upplýsingaskilti við stíginn, en ákveðið var að gera það í samvinnu við Sveitarfélagið. Trjásmælingar voru gerðar á sitkagreni á Klaustri og mældist hæsta sitkagrenið 21,5 m. Voru þessi tré gróðursett um 1950.



Stígar á Kirkjubæjarklaustri sem Einar Bjarnason hefur að mestu lagt.

Ljósm. Hreinn Óskarsson.



# Fasteignir

## Sala og kaup

Ekkert var keypt af tækjum til deildarinnar þetta árið, utan notuð Valmet dráttarvél sem keypt af Jötni-Búvélum með aðstoð fjármögnunarfyrtækis. Rúmlega 25 ára gömul Zetor 2045 dráttarvél var ekki nothæf ein og sér lengur.



Bálskýli sem smíðað var í Haukadal í Hákonarlundi.  
Ljósm. Hreinn Óskarsson

## Nýsmíði

Nýtt bálskýli var smíðað af Jóni Þóri og öðru starfsfólki í Haukadal. Var skýlið gert úr viði úr skóginum og tókst ákaflega vel til (sjá mynd).

Sett var nýtt salernishús með sturtum á hjólhýsasvæðið. Um var að ræða innréttaðan gám sem keyptur var. Töluverð vinna var við að leggja lagnir að húsinu, setja nýja rotþró og smíða kassa utan um lagnir. Sá Jóhannes að mestu um þá smíði. Viðarskýli var reist í Gagnheiði í skiptum fyrir gamalt hús á hjólum. Í Haukadal var gert þakskýli áfast gámnum.

## Viðhald

Gróðurhús voru gerð upp og endurplöstuð á Tumastöðum. Unnu starfsmenn á Tumastöðum að því verkefni. Þak á Þjórsárdalshúsi var málað sem og þakið á Haukadalshúsinu.

## Útleiga

Húsnæði S.r. að Gagnheiði 25 var áfram leigt út að þremur fjórðu í ár. Stór hluti lóðarinnar á Gagnheiði 27 var einnig leigður út. Skógarvarðarbústaðurinn á Tumastöðum var áfram leigður út til Hrafns Óskarssonar verkstjóra. Tunguhús var leigt út til Kristjáns Guðmundssonar og fjölskyldu eins og áður var nefnt. Kotmúli var leigður út til Eysteins Leifssonar og fjölskyldu gegn því að fjölskyldan sjái um viðhald á íbúðarhúsinu á jörðinni. Fleiri spildur eru leigðar út s.s. landnemaspildur í Skarfanesi, beitiöld í Kollabæ og sumarhúsalóðir í Þjórsárdal. Hús skógræktarinnar í Haukadal og Þjórsárdal voru leigð út nokkrar helgar á árinu til starfsmanna og gekk það vel. Starfsmaður Náttúruverndar ríkisins leigði herbergi í Haukadalshúsinu í sumar. Suðurlandsskógum var eins og áður leigð aðstaða á Tumastöðum til geymslu á plöntum og dreifingar. Blómaval hf. leigði aðstöðu til ræktunar í gróðrarstöðinni á Tumastöðum. Ennfremur leigði Blómaval þjónustu starfsfólks á Tumastöðum við ræktunina.

## Rekstur ársins

### Rekstrarkostnaður

Fjárheimild Suðurlandsdeildar Skógræktar ríkisins fyrir árið 2005 var 21 m.kr. Deildin fékk 4,6 m.kr úr verkefnapotti ársins til ýmissa verkefna og fengust hæstu upphæðirnar í LT-verkefnið íbætur (1,1 m.kr), birkiframleiðsla fyrir Hekluskóga (2,2 m.kr) og 540 þús í kortlagningu skóglenda.

Rekstrarkostnaður ársins var 47,7 m.kr og lækkaði um 0,4 m.kr frá fyrra ári eða um 1%. Launakostnaður á árinu var 30,4 m.kr og hækkaði um 3,6 m.kr eða 14%. Annar rekstrarkostnaður var 17,3 m.kr og lækkaði um 4,1 m.kr frá 2004 eða rúm 24%.

### Launakostnaður

Launakostnaður á árinu var 30,4 m.kr og hækkaði um 3,6 m.kr eða um 2%.

Heiti	2002	2003	2004	2005	Breyting 2004-5	%
Grunnstörf, viðvera	17.182.237	16.344.177	16.586.394	17.907.189	1.320.795	8%
Aðrar aukagreiðslur	118.416	137.530	183.392	311.073	127.681	70%
Yfirvinna, tímamæld	5.876.425	5.172.533	4.848.242	5.776.830	928.588	19%
Orlof á yfirvinnu	679.398	592.821	570.668	704.750	134.082	23%
Orlof af mánaðarlaunum	1.537.969	1.316.219	791.777	932.778	141.001	18%
Launatengd gjöld	4.101.829	3.813.041	3.777.654	4.738.672	961.018	25%
<b>Samtals</b>	<b>29.496.274</b>	<b>27.376.321</b>	<b>26.758.127</b>	<b>30.371.292</b>	<b>3.613.165</b>	<b>14%</b>

### Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður var 17,3 m.kr og lækkaði hann milli ára um 4,1 m.kr frá 2004 eða rúm 24%. Vegna framúrkeyrslu síðasta árs var dregið mjög úr framkvæmdum þetta árið.



Starfsmenn deildarinnar kvarta sjaldan yfir fjárskorti enda sleppur fé oft inn í skógræktargirðingar.  
Ljós. Hreinn Óskarsson.



## Sértekjur

Sértekjur ársins voru 19,7 m.kr og minnkuðu um 1,6 milljónir milli ára. Almennar tekjur ársins voru alls 447 þús en vörusala 19,2 m.kr.

## Tekjur almennar

Tekjur almennar eru að stærstum hluta styrkir, sölutekjur af eignum, framlög til samvinnuverkefna, vaxtatekjur o.þ.h. Tekjur almennar voru 447 þús og lækkuðu um 721 þús frá fyrra ári. Ekkert var selt af eignum árið 2005 og fáir styrkir voru bókfærðir á S.r. Styrkir til Sjálfsbjargar vegna stígagerðar í Haukadall voru ekki bókfærðir.

## Vörusala

Vörusala ársins var 19,2 m.kr og minnkaði um 1 m.kr frá árinu 2004 eða um 5%.

Vörusala var áætluð 18,1 m.kr og var því 1,1 milljón yfir áætlun. Sala ársins skiptist þannig á einstaka vörutegundir. Tekjur vegna fræsölu voru litlar árið 2005, en það skýrist af því að uppgjör við Mógilsá fór ekki fram fyrr en árið 2006. Viðarsala og plöntusala var minni en undanfarin ár en tekjur af jólatrjám, greinum og hnausplöntum hækkuðu. Til að koma á mótis við aukinn rekstrarkostnað á hjólhýsasvæði var ársleigugjald hækkað um 5000 kr á hverja lóð.

heiti	2002	2003	2004	2005	breyting	%
Jólatré	3.115.695	3.598.296	5.082.193	5.402.378	320.185	6,3%
Jólatrésgreinar og kónglar	207	280.274	215.962	336.106	120.144	55,6%
Hnausplöntur	64.362	1.041.628	516.571	710.279	193.708	37,5%
Fræsala	32.036	706.521	346.466	54.144	-292.322	-84,4%
Arin- og hjallaviður,græðl. og kurl	1.514.245	2.329.147	2.150.714	1.603.668	-547.046	-25,4%
Fjölpottaplöntur	1.256.537	2.581.363	3.092.682	2.415.704	-676.978	-21,9%
Pottaplöntur	834.492	1.588.942	3.542.043	2.945.628	-596.415	-16,8%
Bífréiðaleiga/Flutningur Vinnuvéla- og tækjaleiga	166.065	125.85	115.100	164.856	49.756	43,2%
Tjaldstæða- og hjólhýsastæðaleiga	147.238	346.232	404.973	233.425	-171.548	-42,4%
Húsaleiga	773.216	3.163.500	3.147.158	3.874.966	727.808	23,1%
Selt fæði	1.325.096	1.320.600	1.244.850	1.459.454	214.604	17,2%
Önnur sala	126.831	7.344	7.200	0	-7.200	-100%
Vinnusala	37.866	1.207.709	152.782	315.252	162.470	106,3%
Samtals	470.786	210.922	140.415	156.240	15.825	11%
Samtals	9.864.672	18.508.328	20.159.109	19.672.100	1.650.781	-2%

# Ýmislegt annað

## Skólaþróunarverkefni

Jóhannes og Theodór tóku þátt í samstarfi deildarinnar, Ólafs Oddssonar og Flúðaskóla í skólaþróunarverkefninu. Samstarfið fólst í fræðslu, að útvega smíðaefni og byggingu á skýli og aðstöðu fyrir nemendur í grenndarskóginum á Flúðum.

## Veggskífur viðarnýting

Á árinu var haldinn fundur um nýjan nýtingarmöguleika sem felst í því að saga við í veggskífur og klæða þök eða veggj húsa. Var skógarvörður skipaður í verkefnisstjórn um veggskífugerð ásamt Ólafi G.E. Sæmundsen og Guðmundi Magnússyni á Flúðum.

## Heimsóknir hópa

Margir hópar heimsóttu skóga á umsjónasvæði deildarinnar þetta árið eins og undanfarin ár. Of langt mál er að telja þá alla upp, en gestir voru innlendir sem erlendir, á öllum aldri, allt frá leikskólanemum upp í háskólanema, auk fræðimanna ýmiss konar. Guðmundur Tyrfingsson ehf var áfram með óvissuferðir upp í Haukadalsskóg, fjórhjólaleiga var starfrækt í skóginum í Haukadal, auk þess að reglulegar hestaferðir eru farnar inn í Haukadalsskóg frá Geysi. Ættarmót, brúðkaup og afmæli hafa verið haldin í skógunum svo eitthvað sé nefnt.

## Fundir, ferðir og námskeið

Skógarvörður sótti ýmsa fundi á árinu og hér má lesa um flesta þeirra:

- 12. jan. Fundir með þjóðgarðsverði á þingvöllum og formanni þingvallanefndar, Birni Bjarnasyni.
- 14. jan. „Fagráðsfundur“ á Mógilsá.
- 31. jan. Starfsmannafundur Suðurlandsdeild.
- 3-4. feb. Fræðiþing Landbúnaðarins. Reykjavík.
- 8. feb. Fundur á Mógilsá vegna hugmynda um Erfðalind og heimasíðu m. Vilhjálmi Lúðvíks ofl.
- 9. feb. Fundur með fjármálastjóra S.r.
- 9. feb. Fundur í Erfðalindahóp á Mógilsá.
- 2. mars. Fundur um fjármál á Egilsstöðum.
- 4. mars. Fundur á Mógilsá í Erfðalindahóp.
- 7. mars. Fundur starfsmanna á Tumastöðum.
- 9. mars. Fundur á Kirkjubæjarklaustri um stígagerð.
- 14. mars. Fundur í Þorlákshöfn vegna Þorláksskóga.
- 22. mars. Fundur með lbrh. og Símaforstjórum um samning um Skriðufell vegna sölu Símans.
- 30. mars. Fundur vegna Hekluskóga.
- 5. apríl. Fundur vegna Hekluskóga í Gunnarsholti.
- 11. apríl. Fundur vegna Þorláksskóga í Þorlákshöfn.
- 11. apríl. Fundur í Erfðalindahóp á Elliðavatni.
- 27. apríl. Þorláksskógar fundur í Þorlákshöfn.
- 2. maí. Sviðsfundur í Þróunarsviði.
- 3. maí. Hekluskógar fundur með landeigendum.
- 11. maí. Fundur og vettvangsferð vegna Þórsmerkur.
- 12. maí. Hekluskógar blaðakynning.
- 23. maí. Fundur í Hekluskóganefnd.
- 7. jún. Fundur með skipulagsfulltrúa og heilbrigðiseftirliti um hjólhýsasvæði í Þjórsárdal.
- 8. jún. Fundur í Hekluskóganefnd á Selfossi.
- 13. jún. Fundur um Fossá með Sveitarstjóra Skeið og Gnúp og Veiðimálastofnun.
- 14. jún. Ferð samráðsnefndar um Hekluskóga um Hekluskógasvæðið.
- 19-21. jún. Affornordráðstefna í Reykholti í Borgarfirði.

- 22. jún. Fundur í Hekluskóganefnd.
- 6. júl. Fundur í Hekluskóganefnd.
- 3. ág. Fundur vegna útleigu Fossár með Sveitarstjóra Skeið og Gnúp.
- 8. ág. Fundur í kynningarnefnd Hekluskóga.
- 12. ág. Fundur með Sveitarstjóra vegna útleigu á Fossá.
- 23. ág. Fundur í Hekluskóganefndum allur dagurinn í Gunnarsholti.
- 24. ág. Fundur í áætlanahóp Hekluskóga í Gunnarsholti.
- 25. ág. Fundur með Finnþoga í Jöttni Búvélum vegna grisjunarvélar.
- 29. ág. Fundur í Lbhí á Reykjum vegna kennslu.
- 30. ág. Útleiga á Fossá fundur í Árnosi með sveitarstjóra og leiguhafa.
- 31. ág. Hekluskógar dagsferð.
- 1. sept. Hekluskóganefnd undirbúningur bændaferðar.
- 2. sept. Hekluskógar framkvæmdaráð fundur á Selfossi.
- 8. sept. Skoðunarferð um Hekluskógasvæðið með landeigendum.
- 13. sept. Áætlanahópur Hekluskóga
- 15. sept. Fundur í kynningarnefnd Hekluskóga.
- 19. sept. Fundur í framkvæmdaráði og áætlunarhópi Hekluskóga í Gunnarsholti.
- 20. sept. Fundur í kynningarnefnd Hekluskóga í Rvk.
- 21. sept. Frætíngluferð FSu og ML í Bolholt með starfsfólki S.r.
- 22. sept. Fundur í samráðsnefnd Hekluskóga, Mógilsá.
- 23. sept. Ferð í Þórsmörk með Chas frá Umhverfisstofnun.
- 26. sept. Kynningarnefnd Hekluskóga ásamt fundi vegna Hekluskógamyndar.
- 29. sept. Hekluskógamynd fundur í Reykjavík.
- 3. okt. Fundur um grisjunarvél.
- 5. okt. Fundur í kynningarhóp Hekluskóga, Rvk.
- 5. okt. Fundur í Erfðalindahóp, Rvk.
- 7. okt. Vettvangsferð skógræktaráfanga Garðyrkjuskólans í Þjórsárdal.
- 10. okt. Fundur á Fréttablaðinu vegna Hekluskógaverkefnisins.
- 12. okt. Kynningarfundur um Hekluskóga, haldinn í sal Íslenskrar erfðagreiningar.
- 18. okt. Fundur með fjármálastjóra á Selfossi.
- 19. okt. Fundur samráðsnefndar um Hekluskóga, Gunnarsholti.
- 20. okt. Fyrsti fundur fagnefndar skógræktarbrautar LBHÍ, Reykjum.
- 25. okt. Fundur á Þorlákshafnarsöndum vegna Þorláksskóga.
- 27. okt. Fundur í áætlanahóp Hekluskóga.
- 3. nóv. Kennsla við Menntaskólann á Laugarvatni.
- 9. nóv. Fundur á Hótel Selfossi um framleiðslu veggskífa úr innlendum viði.
- 14. nóv. Fundur í Þorlákshöfn um Þorláksskóga.
- 1. des. Fundur í Erfðalind, Keldnaholti.
- 5. des. Hekluskógar framkvæmdaráð, fundur á Selfossi.
- 7. des. Fundur samráðsnefndar um Hekluskóga.
- 13. des. Fundur í áætlanahóp Hekluskóga, Gunnarsholti.
- 14. des. Fundur framkvæmdaráðs Hekluskóga, Selfossi.

## Fyrirlestrar

---

Hreinn Óskarsson 2005. Áhrif nitur og fosfóraburðargjafar við gróðursetningu á birki og áhrif þess á vöxt þess, næringarástand og útræna svepprót. Fyrirlestur á fræðapingi Landbúnaðarins. 4. feb.

Hreinn Óskarsson. Áburðarnotkun í landbótaskógrækt. Málfundur um áburðargjöf í landbótum. Haldinn í Gunnarsholti 8. apríl.

Hreinn Óskarsson. Hekluskógar í Þjórsárdal. Kynningarfundur um Hekluskóga, haldinn í Gunnarsholti.

Ása L. Aradóttir og Hreinn Óskarsson 2005. Hekluskógar - frá hugmynd að veruleika. Erindi haldið á málþingi um Hekluskóga 12. okt.

Hreinn Óskarsson fyrirlestur á Grænni skóga námskeiði hótél Gullfossi 16. apríl., 22. apríl á Egilsstöðum og 4. maí á Birkimel, Barðaströnd.

Hreinn Óskarsson kennsla í Garðyrkjuskólanum (LBHÍ) í Skógræktartækni. 7 og 9. sept.

Hreinn Óskarsson kennsla í Garðyrkjuskólanum (LBHÍ), Jarðvinnsla og áburðargjöf. 27. sept.

Hreinn Óskarsson kennsla í Garðyrkjuskólanum (LBHÍ), Grisjun og umhirða skóga. 4. okt.

## Greinaskrif og veggspjöld

---

Hreinn Óskarsson 2005. Áhrif nitur- og fosfóraburðargjafar við gróðursetningu á birki og áhrif þess á vöxt þess, næringarástand og útræna svepprót. Fræðapingi Landbúnaðarins 2004. 163-164.

Agata Wencel 2005. Vegetation classification and birch cover changes in Þingvellir National Park, Iceland. Skýrsla unnin fyrir Skógrækt ríkisins Suðurlandi og Þingvallanefnd. 16 bls.

Mikkel Bojesen 2005. Omkostningsanalyse af tyndings- og udkørselsmaskiner ved Islands Statsskovvæsen. Skýrsla unnin fyrir Skógrækt ríkisins Suðurlandi. 16 bls.

Mikkel Bojesen 2005. Notes on inventory studies of Ptarmigan (*Lagopus mutus*) in the Southern Icelandic forests. Index on population densities. Skýrsla unnin fyrir Skógrækt ríkisins Suðurlandi. 6 bls.

Hreinn Óskarsson og Gunnar Tómasson 2005. Tilraun til að nýta snjótittlinga við dreifingu á reyniviðarfræi. Náttúrufræðingurinn 73 (3-4): 61-62.

Hreinn Óskarsson and Sigríður Júlía Brynleifsdóttir 2005. The interrelation between fertilization in the nursery and at planting in the field, on the survival, frost heaving and growth of birch and spruce. Veggsjald á AFFORNORD ráðstefnu í Reykholti, 18-22.6 2005.

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir og Hreinn Óskarsson. 2005. Má auka lífslíkur og vöxt skógarplantna með samspili áburðargjafa í gróðrarstöð og foldu? Í: Ársskýrslu Skógræktar ríkisins 2004 (ritstj. Gunnlaugur Guðjónsson og Hreinn Óskarsson). Skógrækt ríkisins, Egilsstöðum, bls. 24-25.

Ása L. Aradóttir, Sveinn Sigurjónsson, Sigríður Heiðmundsdóttir, Böðvar Guðmundsson, Guðbrandur Brynjúlfsson, Björn Bjarndal Jónsson, Guðmundur Halldórsson, Hreinn Óskarsson og Garðar Þorfinnsson. 2005. Hekluskógar – Endurheimt skóglenda í nágrenni Heklu. Forsendur og leiðir. Skýrsla unnin á vegum samráðsnefndar um Hekluskóga, 32 bls.

Hreinn Óskarsson og Garðar Þorfinnsson 2005. Hugmynd að verkefninu „Þorláksskógar“. Skýrsla unnin fyrir sveitarstjórn Ölfushrepp og Orkuveitu Reykjavíkur.

Hreinn Óskarsson 2005. Ársskýrsla Skógræktar ríkisins Suðurlandsdeild 2004.

Ársskýrsla Skógræktar ríkisins 2004. Ritstj. Gunnlaugur Guðjónsson og Hreinn Óskarsson.

Hreinn Óskarsson 2005. [www.hekluskogur.is](http://www.hekluskogur.is) Heimasíða verkefnisins Hekluskógar.

Annemieke Winterink 2005. Internship with Skógrækt ríkisins. Námsskýrsla. 10 p.

Marietta Funke 2005. Skýrsla starfsnema. Á þýsku. 15 p.

Auk fréttatilkynninga, útvarpsviðtala, styrkja umsókna, fréttu, styttri greina sem m.a. er að finna á [www.skogur.is](http://www.skogur.is).

## Nemendaverkefni

---

Áfram var haldið samstarfi var við Menntaskólann á Laugarvatni og Fjölbrautarskólann á Suðurlandi, annars vegar og hins vegar S.r., L.r. og Suðurlandsskóga. Heimsóttu skólarnir stofnanirnar auk þess að starfsfólk heimsótti skólana og fræddi nemendur. Tvær ferðir voru farnar með nemendur á vegum S.r. önnur í Þjórsárdal þar sem unnið var að uppgræðslu og gróðursetningu í Þórðarholti, og hin í Bolholt þar sem nemendur söfnuðu birkifræi.

Fjallað er nánar um erlenda starfsnema á blaðsíðu 7.

## Hekluskógar

---

Skógarvörður sat í samráðsnefnd um Hekluskóga auk þess að hann var í vinnuhópum um kynningarmál, áætlanagerð og rannsóknir. Var þetta með tímafrekari verkefnum skógarvarðar á árinu.

Vorið 2005 var stofnað til samráðshóps um Hekluskóga. Í hópnum sátu fulltrúi landeigenda á svæðinu, frá Skógrækt ríkisins, Landgræðslu ríkisins, Suðurlandsskógum, Skógræktarfélagum Rangæinga og Árnesinga, auk fulltrúa Landgræðslusjóðs. Hópurinn vann á árin 2005 að undirbúningi ýmissa verkþátta Hekluskóga, þar á meðal gagnaöflun og áætlanagerð. Voru hugmyndir kynntar á ýmsum vettvangi bæði fyrir landeigendum, stjórnmalamönnum og almenningi. Stór kynning á verkefninu fór fram á málþingi sem haldið var í sal Íslenskrar Erfðagreiningar.

Hugmyndir um Hekluskóga eru nokkra ára gamlar. Sú hugmynd að endurheimta birkiskóglendin í þeim tilgangi að stöðva vikurfok komin frá Úlfi Óskarssyni skógfræðingi sem unnið hefur að rannsóknum á ræktun birkis á vikrum í nágrenni Heklu. Áætlað er að rúmlega 90 þúsund hektarar lands í nágrenni Heklu verði innan Hekluskógasvæðisins eða nálægt 1% af Íslandi. Um 70% þess lands er nú lítið gróið og á hluta þess er sandfok og mikið rof. Gert er ráð fyrir að verkefnið verði unnið í þremur meginþrepum: (1) að stöðva sandfok og græða upp illa farið land til að bæta skilyrði fyrir trjágróður, og (2) gróðursetja birki, gulvíði og loðvíði í lundi þaðan sem þessar tegundir geta (3) sáð sér út á nokkrum áratugum yfir allt svæðið. Rannsóknir og reynsla hafa sýnt að með uppgræðslu illa farins lands er hægt að skapa góð skilyrði fyrir landnám þessara tegunda. Þannig miða aðgerðir á svæðinu fyrst og fremst að því að örva gróðurframvindu, fremur en að um samfellda ræktun verði að ræða.

Á árinu fengust 3 milljónir kr. til verkefnisins úr Landgræðslusjóði. Síðustu mánuði ársins 2005 var ráðinn starfsmaður til verkefnisins, Björgvin Örn Eggertsson, sem vann að undirbúningi þess ásamt vinnuhópum. Nánari upplýsingar um verkefnið má sjá á heimasíðu þess: [www.hekluskogar.is](http://www.hekluskogar.is) .



Hekla séð frá Sámstaðamúla.

Ljósm. Hreinn Óskarsson.



**Viðauki**

## Gróðursetning 2005

Dags.	fj.bakka	gerð	magn	tegund	kvæmi	aldur	hvert
9.6.2005	23		40	920	Rauðgreni		Haukadalur
30.6.2005	46		40	1702	Rauðgreni	1/0	Haukadalur
4.7.2005	47		40	1739	Rauðgreni	1/0	Haukadalur
13.7.2005	12		35	420	Alaskaviðir	0/1	Haukadalur
18.7.2005	250		40	8550	Rauðgreni	1/0	Haukadalur
18.7.2005	11		40	429	Birki	1/0	Haukadalur
				<u>13760</u>			
jún.05					Birki		Tumastaðir - kvæmatilraun - ÞrósturE
júl.05	9		35	300	Reyniviður		Tumastaðir - reyniviðartilraun
júl.05	22,5		40	900	Birki		Tumastaðir - reyniviðartilraun
				<u>1200</u>			
1.6.2005	35		35	1225	Reyniviður	1/0	Reyniviðartilraun - Vagfir
1.6.2005	35		35	1225	Reyniviður	1/0	Reyniviðartilraun - Hallormsstaður
1.6.2005	38		35	1330	Reyniviður	1/0	Reyniviðartilraun - Hellisskógi
9.3.2005	2	3,5 l		2	Garðahlynur		Kirkjubæjarklaustur
9.3.2005	1	3,5 l		1	Álmur		Kirkjubæjarklaustur
9.3.2005	1	3,5 l		1	Blæölur		Kirkjubæjarklaustur
13.5.2005	207		40	8280	Sitkagreni	2/0	LT-Tilraun Gunnarsholti íbætur
22.8.2005	17		40	680	Sitkagreni	2/0	LT-Tilraun Gunnarsholti íbætur
				<u>12744</u>			
16.6.2005	20		40	800	Rússalerki	1/0	Skarfanés Jón Grettisson
17.6.2005	15		40	600	Sitkagreni	1/0	Skarfanés Jón Grettisson
18.6.2005	15		40	600	Birki	1/0	Skarfanés Jón Grettisson
				<u>2000</u>			
18.4.2005	11		40	440	Birki	2/0	Þjórsárdalur - Þórðarholt
18.4.2005	2		35	70	Reyniviður	0/1	Þjórsárdalur - Þórðarholt
18.4.2005	1		35	40	Blæölur	2/0	Þjórsárdalur - Þórðarholt
9.6.2005	45		35	1575	Víðir		Þjórsárdalur
9.6.2005	23		40	920	Rauðgreni	1/0	Þjórsárdalur - viðbætur í rauðgrenitilraun.
15.8.2005	150		40	6000	Rauðgreni	2/0	Þjórsárdalur - í raðir í Seljatungu
13.6.2005	180		40	6660	Birki	1/0	Þjórsárdalur - v. Hekluskóga
27.6.2005	140		40	5460	Birki	1/0	Þjórsárdalur - v. Hekluskóga
5.7.2005	178		40	6942	Birki	1/0	Þjórsárdalur - v. Hekluskóga
7.7.2005	182		40	7098	Birki	1/0	Þjórsárdalur - v. Hekluskóga
27.7.2005	168		40	5746	Rauðgreni	1/0	Þjórsárdalur
5/10 2005	6		35	180	Reyniviður	1/1	Þjórsárdalur
5/10 2005	9		40	315	Birki	2/0	Þjórsárdalur
				<u>41446</u>			
<b>Alls</b>	<b>gróðursett</b>			<b>69950</b>			

## Tölulegar upplýsingar um skóglendi og ársverk Suðurlandsdeildar Skógræktar ríkisins

<i>nr</i>	<i>Svæði</i>	<i>Flatarmál reita (ha)</i>	<i>Áætlað flatarmál birkiskóglenda (ha)</i>	<i>Lengd girðingar (km)</i>	<i>Heildar flatarmál svæðis (ha)</i>	<i>Gerð</i>
1	Tumastaðir/Tunga/Kollabær	247			10	666 Eignarland
2	Haukadalur/Laug	800	100		13	1.802 Eignarland
3	Þjórárdalur	538	200		23	4.996 Eignarland
4	Hrauntún	10	75		4	85 Umsjónarland
5	Mosfell	440			10	634 Leiguland
6	Múlakot	1			2	23 Eignarland
7	Þórsmörk	1	3.200		1	3.200 Friðun/umsjón
8	Kirkjubæjarklaustur	5			2	23 Umsjónarland
9	Þingvellir (þjóðgarður)	20	3.900			4.000 Umsjónarland
10	Laugarvatn	25	250		8.8	600 Umsjónarland
11	Skarfanés	60	200		8.5	1.402 Eignarland
12	Kotmúli	1				10
<b>Samtals</b>		<b>2.148</b>	<b>7.925</b>		<b>73</b>	<b>17.441</b>

\* Í heildarflatarmáli reita er átt við reiti þar sem gróðursett hefur verið.

Í Þórsmörk hefur verið gróðursett allmikið af birki af ýmsum aðilum og er stærð þeirra svæða ekki þekkt.

**Fjöldi ársverka 1990:** 21 Þar af 3 ársverk á SV-landi

**Fjöldi ársverka 2000:** 10

**Fækkun ársverka milli 1990 og 2000** 11

